

Leyfi til efnistöku af hafsbotni í Faxaflóa á Sandhala, austan Syðra-Hrauns

Í samræmi við 3. gr. laga nr. 73/1990 um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins veitir Orkustofnun hér með Björgun ehf., kt. 460169-7399, Sævarhöfða 33, 110 Reykjavík, hér eftir nefnt leyfishafi, leyfi til töku efnis, sem nánar er tilgreint í 1. gr. þessa leyfis, á efnistökusvæði, sem tilgreint er í 2. gr., og á því tímabili, sem tilgreint er í 3. gr. leyfisins. Leyfið er gefið út til töku efnis sem m.a. á að nota til undirfyllinga í Álftanesveg og annarra fyrirhugaðra verkefna. Leyfið er gefið út með þeim skilyrðum sem sett eru í framangreindum lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins svo og þeim skilyrðum sem tilgreind eru í leyfi þessu.

Við undirbúning að útgáfu leyfis þessa var leitað umsagnar Umhverfisstofnunar, Hafrannsóknastofnunarinnar og Siglingastofnunar Íslands.

1. gr.

Almennt

Leyfið tekur til töku malar og sands af hafsbotni og takmarkast við 49.900 rúmmetra efnis á efnistökusvæði á Sandhala, sbr. 2. gr. leyfisins. Rúmmál efnisins skal mælt við uppdælingu þess.

2. gr.

Efnistökusvæði

Leyfið tekur til efnistöku af hafsbotni á Sandhala, austan Syðra-Hrauns í Faxaflóa. Efnistökusvæðið er merkt inn á meðfylgjandi kort (fylgiskjal 1), sem telst til hluta leyfisins, og afmarkast af eftirfarandi hnitum (ÍSN93):

Sandhali	X _(ÍSN93)	Y _(ÍSN93)
1	344706	413433
2	344742	413412
3	344414	412886
4	344381	412908

3. gr.

Gildistími

Leyfi þetta gildir frá dagsetningu undirritunar þess til 1. júlí 2009. Leyfið er ekki sérleyfi og takmarkar ekki rétt Orkustofnunar til að veita öðrum leyfi til leitar eða efnistöku á sama svæði á gildistíma leyfisins eða síðar.

4. gr.

Eftirlit

Orkustofnun hefur eftirlit með framkvæmd efnistökkunnar samkvæmt leyfi þessu. Orkustofnun hefur rétt til að fylgjast með efnistökkunni í alla staði og fá allar upplýsingar sem viðkoma henni og skal hafa aðgang að öllum þáttum þeirrar starfsemi sem efnistökkuna varðar.

Leyfishafi skal aðstoða við eftirlitið og veita aðgang að þeim gögnum sem snerta það með beinum hætti.

5. gr.

Upplýsingagjöf

Leyfishafi skal mánaðarlega senda Orkustofnun upplýsingar um það magn efnis sem tekið hefur verið.

6. gr.

Framsal

Leyfishafa er óheimilt að framselja, veðsetja, leigja eða láta af hendi til annarra rétt sinn samkvæmt leyfi þessu, að hluta til eða öllu leyti, án samþykkis Orkustofnunar.

7. gr.

Umhverfissjónarmið

Leyfishafi skal taka tillit til umhverfissjónarmiða við efnistökkuna. Leyfishafi skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að forðast mengun og spillingu á lífríki láðs og lagar. Sérstaklega skal þess gætt að olía og önnur spilliefni fari ekki í sjó og skal leita heimildar annarra stjórnvalda um meðferð slíkra efna eins og við á.

Ákvæði VI. kafla laga nr. 44/1999 um náttúruvernd gilda eftir því sem við á um efnistöku samkvæmt leyfi þessu.

8. gr.

Tillit til nýtingar og annarrar starfsemi

Leyfishafi skal við framkvæmdir á sínum vegum, sem ætla má að hafi áhrif á nýtingu og aðra starfsemi annarra aðila í nágrenni við efnistökusvæðið, taka tillit til og hafa samráð við þá aðila.

Leyfishafi skal við framkvæmdir í samræmi við leyfi þetta gæta þess að raska eigi neðansjávarköplum og öðrum lögnum.

9. gr.

Skaðabótaskylda

Leyfishafi er skaðabótaskyldur vegna alls tjóns sem kann að hljóta af starfsemi á grundvelli leyfis þessa í samræmi við almennar reglur skaðabótaréttarins.

10. gr.

Afturköllun

Orkustofnun getur afturkallað leyfið ef leyfishafi fylgir ekki þeim skilmálum sem settir eru í því.

11. gr.

Leyfisgjald

Í samræmi við 36. tölul. 11. gr. laga nr. 88/1991 um aukatekjur ríkissjóðs skal leyfishafi greiða í ríkissjóð kr. 110.000. Greiðslan skal innt af hendi við móttöku leyfis þessa.

Orkustofnun, 8. maí 2009



Guðni A. Jóhannesson
orkumálastjóri

Leyfi til efnistöku af hafsbotni í Faxaflóa
Sandhali, austan Syðra-Hrauns - fylgiskjal 1



Seltjarnarnes

Álfarnes

Mælikvarði 1 : 60 000